

Greiðslur til framleiðenda

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Samkvæmt Búvörulögum ákvarðar Verðlagsnefnd búvara lágmarksverð fyrir mjólk sem afurðastöðvum er skylt að greiða til mjólkurframleiðenda fyrir mjólk framleidda innan greiðslumarks (8.gr. laga nr.99/1993). Lágmarksverð skal „...miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi..“ sem lengi hefur verið skilgreint sem meðaltal fitu- og próteininnihalds mjólkur síðastliðin þrjú verðlagsár hverju sinni. Gæðakröfur sem 1. flokks mjólk þarf að uppfylla eru skýrðar í sérstökum kafla síðar í ársskýrslu. Fyrir utan tekjur vegna sölu mjólkur til afurðastöðva fá mjólkurframleiðendur greiðslur samkvæmt samningi ríkis og bænda um starfsskilyrði nautgriparæktar.

GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA

Lágmarksverð, fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks, tekur breytingum eftir samþykktum verðlagsnefndar búvara og ef breytingar verða á skilgreindu efnainnihaldi í upphafi hvers verðlagsárs. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar greitt framleiðendum eftir fitu- og próteininnihaldi mjólkur. Greiðslur hafa skipts jafnt á fitu og prótein frá 1. janúar 2014; 50% fyrir fitu og 50% fyrir prótein. Lágmarksverð mjólkur og skipting þess á efnabætti, frá 1. janúar 2014, eru sýnd í töflu 11.

Tafla 11. Lágmarksverð mjólkur og breytingar þess frá árinu 2014; Lágmarksverð og verð á efnabætti:

Gildir frá	Skýring	Lágmarksverð krónur / lítra	Viðmiðunarmjólk		Verð á efnabátt		Verð á einingu	
			Fita	Prótein	Fita	Prótein	Fita	Prótein
1.1.2014	Ný viðmiðunarmjólk og breytt verðhlutföll	82,92	4,12%	3,33%	41,4600	41,4600	10,0932	12,4505
1.1.2015	Ný viðmiðunarmjólk	82,92	4,10%	3,30%	41,4600	41,4600	10,1123	12,5636
1.8.2015	Hækkun verðs	84,39	4,10%	3,30%	42,1950	42,1950	10,2915	12,7864
1.1.2016	Ný viðmiðunarmjólk	84,39	4,09%	3,30%	42,1950	42,1950	10,3166	12,7864
1.7.2016	Hækkun verðs	86,16	4,09%	3,30%	43,0800	43,0800	10,5330	13,0545
1.1.2017	Ný viðmiðunarmjólk og hækkun verð	87,40	4,10%	3,30%	43,7000	43,7000	10,6585	13,2424
1.1.2018	Ný viðmiðunarmjólk	87,40	4,12%	3,30%	43,7000	43,7000	10,5811	13,2424
1.9.2018	Hækkun verðs	90,48	4,12%	3,30%	45,2400	45,2400	10,9540	13,7091
1.1.2019	Ný viðmiðunarmjólk	90,48	4,15%	3,31%	45,2400	45,2400	10,9012	13,6677
1.1.2020	Ný viðmiðunarmjólk og hækkun verð	92,74	4,15%	3,36%	46,3700	46,3700	11,1735	13,8006
1.6.2020	Hækkun verðs	97,84	4,15%	3,36%	48,9200	48,9200	11,7880	14,5595
1.1.2021	Ný viðmiðunarmjólk	97,84	4,19%	3,39%	48,9200	48,9200	11,6754	14,4307
1.4.2021	Hækkun verðs	101,53	4,19%	3,39%	50,7650	50,7650	12,1158	14,9749
1.12.2021	Hækkun verðs	104,96	4,19%	3,39%	52,4800	52,4800	12,5251	15,4808
1.1.2022	Ný viðmiðunarmjólk	104,96	4,21%	3,39%	52,4800	52,4800	12,4656	15,4808
1.4.2022	Hækkun verðs	111,89	4,21%	3,39%	55,9450	55,9450	13,2886	16,5030
1.9.2022	Hækkun verðs	116,99	4,21%	3,39%	58,7950	58,7950	13,8943	17,2552
1.12.2022	Hækkun verðs	119,77	4,21%	3,39%	59,8850	59,8850	14,2245	17,6652
1.1.2023	Ný viðmiðunarmjólk	119,77	4,23%	3,40%	59,8850	59,8850	14,1572	17,6132

GREIÐSLUR FYRIR MJÓLK SEM FRAMLEIDD ER UMFRAM GREIÐSLUMARK

Mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark og er unnin af afurðastöðvum skal samkvæmt Búvörulögum markaðsfærð erlendis á ábyrgð afurðastöðvar og framleiðanda. Greiðslur afurðastöðva fyrir mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark eru því háðar ákvörðun afurðarstöðva hverju sinni.

Frá 2012 til 30. júní 2016 greiddi Auðhumla tvö verð fyrir mjólk sem framleidd var utan greiðslumarks. Sérstakt verð var greitt fyrir umframmjólk sem var 2% og minna af greiðslumarki hvers kúabús, en lægra verð var greitt fyrir umframmjólk sem var meira en 2% yfir greiðslumarki kúabúsins. Gildandi verð vegna umframmjólkur hjá Auðhumlu frá 1.3.2012 til 30.6.2016, eru birtar í töflu 12.

Tafla 12. Verð Auðhumlu svf fyrir umframmjólk frá 1. mars 2012:

Verð gildir frá	Innan 2% marksins	Umfram 2%
1. mars 2012	42,00 kr/ltr	36,00 kr/ltr
1. júní 2012	37,50 kr/ltr	32,50 kr/ltr
1. september 2012	38,00 kr/ltr	33,00 kr/ltr
1. apríl 2013	42,00 kr/ltr	36,00 kr/ltr
1. júlí 2013	47,00 kr/ltr	42,00 kr/ltr
30. september 2013	82,92 kr/ltr	82,92 kr/ltr
1. ágúst 2015	84,39 kr/ltr	84,39 kr/ltr

Samkvæmt samþykkt stjórnar Auðhumlu 1. apríl 2016 var tekið upp nýtt verðkerfi fyrir umframmjólk frá og með 1. júlí 2016. Með nýju kerfi er reiknað fullt verð á umframmjólk miðað við efnainnihald og gæðaviðmið, en síðan er innheimt innvigtunargjald af hverjum lítra umframmjólkur eftir því sem stjórn telur nauðsynlegt vegna markaðsaðstæðna. Innvigtunargjald á umframmjólk samkvæmt ákvörðunum stjórnar Auðhumlu frá því að nýja kerfið var tekið upp er sýnt í töflu 13.

Tafla 13. Innvigtunargjald Auðhumlu á umframmjólk frá 1. júlí 2016:

Innvigtunargjald gildir frá	Innvigtunargjald
1. júlí 2016	20,00 kr/ltr
1. janúar 2017	35,00 kr/ltr
1. febrúar 2017	20,00 kr/ltr
1. desember 2017	40,00 kr/ltr
1. apríl 2018	52,00 kr/ltr
1. september 2018	57,00 kr/ltr
1. október 2018	60,00 kr/ltr

Á fundi stjórnar Auðhumlu 25. janúar 2019 var ákveðið að frá 1. mars 2019 verði grunnverð fyrir umframmjólk 29,00 krónur á hvern lítra og að grunnverð fyrir umframmjólk frá hverjum framleiðenda taki síðan breytingum í samræmi við almennar reikniaðferðir vegna efnainnihalds, mögulegra verðfellinga og

gæðaalags. Verð fyrir umfram mjólk sem samþykkt hafa verið á fundum stjórnar Auðhumlu frá janúar 2019 og gildistími verðákvarðana koma fram í töflu 14 hér á eftir:

Tafla 14. Verð Auðhumlu fyrir umfram mjólk frá 1. mars 2019:

Verð á umfram mjólk gildir frá	Verð krónur á lítra
1. mars 2019	29,00 kr/ltr
1. ágúst 2020	20,00 kr/ltr
1. apríl 2021	25,00 kr/ltr
1. febrúar 2022	31,00 kr/ltr
8. apríl 2022	70,00 kr/ltr
1. maí 2022	80,00 kr/ltr
1. ágúst 2022	100,00 kr/ltr
1. febrúar 2023	75,00 kr/ltr

Tilkynnt var 8. apríl 2022 að greiddar yrðu 70 kr/ltr fyrir alla umfram mjólk ársins 2022. Með sömu frétt frá Auðhumlu og Mjólkursamsölunni var tilkynnt að eftir lokauppgjör á útflutningi vegna ársins 2020 hefði verið ákveðið að greiða 5,5 kr/ltr í uppbætur á alla umfram mjólk ársins 2020.

Í sömu tilkynningu kom fram að stjórnir Auðhumlu og MS hefðu tekið ákvörðun um að kaupa umfram mjólk ársins 2021 og halda fituhlutanum í birgðum í landinu. Fyrir mjólkina voru greiddar alls 70 kr/ltr eða 45 kr/ltr í uppbót frá því verði sem tilkynnt var 1. apríl 2021. Verðið miðaðist við greiðslu á fullu lágmarksverði fyrir fituhluta mjólkurinnar og útflutningsverði á próteini á heimsmarkaði.

GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS

Í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar til stuðnings nautgriparækt á hverju ári. Heildarfjárhæðir sem ríkið greiðir eru fastar upphæðir á hverju ári samnings-tímans óháð heildargreiðslumarki. Af því leiðir að hækki greiðslumark, þá lækka greiðslur á hvern lítra þegar stuðningurinn dreifist á fleiri lítra. Stuðningur ríkisins er greiddur samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016, með síðari breytingum.

VIÐMIÐUNARMJÓLK

Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu síðustu þrjú verðlagsár. Ný viðmiðunarmjólk reiknast í upphafi hvers verðlagsárs og gildir fyrir það ár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur árið 2022 var 4,21% fita og 3,39% prótein. Fyrir árið 2023 er efnainnihald viðmiðunarmjólkur 4,23% fita og 3,40% prótein.

ÞRÓUN Á GREIÐSLUM TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

Í töflu 15 er sýnt reiknað afurðastöðvaverð til framleiðenda 1. september frá 1993 til 2022 miðað við 4,2% fitu og 3,4% prótein. Það er allt frá því að beingreiðslur til bænda voru teknar upp sem stuðningur við mjólkurframleiðslu á Íslandi í stað beinna niðurgreiðslna á mjólkurafurðum á heildsölustigi. Mikilvægt er að benda á að verð sem sýnt er í töflu 15 er ekki verð sem er greitt til framleiðenda á hverju ári; þetta er viðmiðunarverð sem sett er upp miðað við fasta dagsetningu og fast efnainnihald til að sýna hvernig greiðslur til mjólkurframleiðenda þróast ár frá ári miðað við ákveðnar fastar forsendur.

Í töflu 15 er einnig sýnt hvernig ríkisstuðningur til nautgriparæktarinnar hefur þróast, reiknað í krónum á hvern lítra mjólkur samkvæmt heildargreiðslumarki hvers árs. Rétt er að benda á að hluti stuðnings til nautgriparæktarinnar fer ekki til mjólkurframleiðslu, einkum frá árinu 2017, raunverulegur stuðningur til mjólkurframleiðslu er því enn lægri en sýnt er í töflu 15.

Tafla 15. Viðmiðun fyrir verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. sept. ár hvert 2011 – 2022.

Ár	Afurðastöðvaverð	Beingreiðsla á lítra	Tekjur bónda á lítra	Hlutfall beingreiðslna af tekjum
1993	28,30	24,77	53,07	47%
1994	28,22	24,77	52,99	47%
1995	28,26	24,62	52,88	47%
1996	29,89	25,79	55,68	46%
1997	32,02	27,44	59,46	46%
1998	33,68	28,86	62,54	46%
1999	35,29	30,09	65,38	46%
2000	37,35	31,89	69,24	46%
2001	39,10	33,48	72,58	46%
2002	41,61	35,81	77,42	46%
2003	42,97	37,14	80,11	46%
2004	44,00	42,36	86,36	49%
2005	45,52	43,37	88,89	49%
2006	46,76	43,93	90,69	48%
2007	49,79	42,60	92,39	46%
2008	65,37	45,89	111,26	41%
2009	72,59	46,53	119,12	39%
2010	72,59	48,59	121,18	40%
2011	79,20	50,09	129,29	39%
2012	82,32	53,29	135,61	39%
2013	84,87	54,10	138,97	39%
2014	84,60	51,72	136,32	38%
2015	86,70	46,79	133,49	35%
2016	88,62	48,94	137,56	36%
2017	89,46	45,94	135,40	34%
2018	92,62	45,92	138,54	33%
2019	93,85	46,85	140,70	33%
2020	99,01	48,73	147,74	33%
2021	101,80	49,33	151,13	33%
2022	117,02	48,67	165,69	29%

*Allur ríkisstuðningur til Nautgriparæktarinnar deilt á lítra greislumarks á verðlagi viðkomandi árs.

Við upphaf beingreiðslna var afurðastöðvarverð á lítra 28,3 krónur og beingreiðsla á hvern lítra 24,77 krónur. Hlutfall afurðastöðva í greiðslum til bænda var þá um 53% af þeim greiðslum sem kúabændum voru greiddar fyrir hvern framleiddan lítra.

Séu tölur í töflu 15 skoðaðar sést að beingreiðslur hafa frá árinu 1993 lækkað úr því að vera 47% af tekjum á hvern lítra í 29% af tekjum á hvern lítra 2022. Sett í alþjóðlegan samanburð þá var stuðningur við mjólkurframleiðslu í Bandaríkjunum Norður Ameríku metinn 45% af framleiðslukostnaði mjólkur árið 2016 (Heimild: Congress thumbs its nose at WTO and The Doha Round – U.S. Federal and state subsidies to agriculture).

Séu greiðslur ríkissjóðs til stuðnings nautgriparæktarinnar á tímabilinu 2004-2022, reiknaðar á verðlag 2022, með vísitölu neysluverðs 31. desember hvert ár, kemur í ljós að á tímabilinu hefur ríkisstuðningur til nautgriparæktar lækkað að raungildi um 3.378.000.000 krónur eða 32%.

Frá 2004 til 2022 jókst eftirspurn eftir mjólkurvörum um 49%, mælt á fitugrunni, og íslenskir kúabændur svöruðu kalli markaðarins með því að auka framleiðslu mjólkur. Þrátt fyrir aukna framleiðslu var stuðningur ríkisins lækkaður að raungildi. Lækkun stuðnings á hvern lítra greiðslumarks (og framleiddrar mjólkur) er þess vegna mun meiri en lækkun á heildar ríkisstuðningi. Að raungildi nemur lækkun stuðning á hvern lítra innan greiðslumarks á tímabilinu 2004-2022 samtals um 51 krónum, eða 51% - það er helming lækkun frá stuðningi ársins 2004.

Ef ríkisstuðningur hefði fylgt verðlagsþróun og framleiðsluaukningu frá 2004 til 2022 hefði stuðningur við mjólkurframleiðslu árið 2022 verið um 14,7 milljarðar. Vegna lækkandi stuðnings frá 2004 var ríkisstuðningur þess í stað um 7,13 milljarðar króna. Ef leiðrétta ætti fyrir skerðingar liðinna ára þyrfti ríkisstuðningur að hækka um 106% - eða rúmlega tvöfaldast.